

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/565 2022/EES/72/71**frá 13. febrúar 2020****um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna setningar birgða af vínræktarafurðum á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 75. gr. og 4. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ⁽²⁾ fellir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ⁽³⁾ úr gildi og kemur í stað hennar. Í kjölfar birtingar framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 fannst villa sem kom fram í öllum tungumálaútgáfum hennar.
- 2) Villan varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna setningar á markað á birgðum af vínræktarafurðum sem mælt er fyrir um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934. Reglugerð (EB) nr. 606/2009 gildi til 6. desember 2019. Framseld reglugerð (ESB) 2019/934 öðlaðist gildi 27. júní 2019. Til að gefa rekstraraðilum nægjanlegan tíma til að laga sig að nýju reglunum var ákveðið að dagurinn þegar sú reglugerð kæmi til framkvæmda yrði 7. desember 2019.
- 3) Umbreytingarfyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 var því ætlað að heimila að vínræktarafurðir, sem voru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 fyrir þann dag þegar framseld reglugerð (ESB) 2019/934 kæmi til framkvæmda, væru settar á markað. Í 15. gr. er hins vegar vísað til gildistöku dags framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 í stað þess að vísa til dagsins þegar hún kemur til framkvæmda. Þetta hafði þær ótilætluðu afleiðingar að ekki má setja á markað vínræktarafurðir úr nýrri uppskeru ársins 2019 sem eru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 ef þær voru framleiddar á gildistöku eginum eða eftir hann.
- 4) Til að heimila að setja á markað vínræktarafurðir sem eru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 606/2009 á tímabilinu á milli 27. júní og 6. desember 2019 ætti að leiðrétta það umbreytingarfyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 til að það nái til þess tímabils.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjttíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjttíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

- 5) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.
- 6) Leiðréttu verður villuna í framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 til að heimila setningu vínræktarafurða, sem eru framleiddar á tímabilinu á milli 27. júní og 6. desember 2019, á markað. Af þeim sökum ætti þessi leiðréttingarreglugerð að öðlast gildi afturvirkkt frá og með 27. júní 2019.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 kemur eftirfarandi:

„15. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag

Afhenda má til manneðis birgðir vínræktarafurða sem voru framleiddar áður en þessi reglugerð kom til framkvæmda, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir þann dag.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. júní 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
